

Nesvegur 5 ehf.
Hellnafelli 6
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 16.1.2025
UST202401-319/F.T.
08.12.02

Efni: Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf dags. 8.11.2024, þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna sjö frávika er fram komu í eftirliti þann 11.9.2024 í Nesvegi 5, Ásmundarnesi í Bjarnarfirði.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Rekstraraðili er ekki með nein umhverfismarkmið.
Rekstraraðili hefur sent stofnunin uppfærð umhverfismarkmið og telst frávikinu lokið.
2. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Öryggisblöð voru ekki til staðar.
Rekstraraðili hefur sent stofnuninni staðfestingu á því að öryggisblöð séu til staðar í stöðinni. Frávikinu telst lokið en úrbætur verða teknar út í næsta eftirliti.
3. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr 888/2015. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Enginn efnaskápur er til staðar né lekabyttur. Engin öryggisblöð eru til staðar. **Stofnuninni hafa borist mynd af efnaskáp sem tekinn verður út í næsta eftirliti.**
4. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er: Staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafi farið fram sbr. gr. 2.3. Engar skráningar voru til staðar. **Rekstraraðili hefur sent stofnuninni þjálfunarskýrslu og telst frávikinu lokið.**
5. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun hins vegar við lágmarksfóðrun. Engin sýni voru tekin árið 2023
Sýni voru tekin árið 2024 og hefur rekstraraðili sent stofnuninni niðurstöður sýnatökunar. Næsta sýnataka er skv. rekstraraðila áætluð í

janúar 2025, áður en fiskur fær fóður og svo aftur í júní þegar lífmassi er sem mestur í stöðinni. Frávikinu telst lokið.

6. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Ársyfirlit fyrir árið 2023 hefur ekki ennþá skilað sér inn til Umhverfisstofnunar.

Stofnuninni hefur borist ársyfirlit fyrir árið 2023. Frávikinu telst lokið.

7. Gr. 3.10 í starfsleyfi og 41. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumenguna frá starfsemi á landi. Gr. 3.10 í starfsleyfi og 41. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumenguna frá starfsemi á landi. Skv. 41. gr. í reglugerðinni þurfa mengunarvarnir vera tryggðar. Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu.

Stofnuninni hefur borist mynd af fullnægjandi árekstrarvörnum og telst frávikinu lokið.

Umhverfis- og orkustofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Farið verður yfir úrbætur og aðstæður skoðaðar í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur